# „Ísland fyrir Íslendinga“
# Áhrif fullveldis 1918 á efnahagslega þjóðernisstefnu

Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði

Fyrirlestur í Seðlabanka Íslands 13. september 2018

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Tvær bylgjur alþjóðavæðingar




[1] Prior to 1970, calculated as external financial assets multiplied by two.

Alþjóðavæðingin fyrri 1830-1914

Alþjóðavæðingin síðari 1945/1970-

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Íslendingar komast í hóp fremstu útflutningslanda í Evrópu



## Vöruheimur útlanda opnast Íslendingum



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Bakslag í alþjóðvæðinguna 1914-1945



*Lusitaniu sökkt af þýskum kafbáti úti fyrir strönd Írlands 7. maí 1915.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Ísland á árunum milli stríða

- Ísland fylgir alþjóðlegri þróun.
- Efnahagsleg þjóðernisstefna styrkist:
  - Ríkiafskipti aukast.
  - Verndarstefna styrkist í verslun og viðskiptum: tollar hækkaðir.
  - Verslunin færist á hendur íslenskra manna.
  - Umsvif útlendinga í atvinnulífi takmörkuð.
- Kreppan mikla hraðar þróuninni.




HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Efnahagsleg þjóðernisstefna

- Áhersla á að styrkja hagkerfi þjóðríkisins og sjálfstæði þess gagnvart heimsmarkaðinum → uppbygging þjóðlegra atvinnuvega.
- Alþjóðlegum efnahagsáhrifum settar pólitískar skorður → tollar og önnur höft á innflutning, erlend fjárfesting takmörkuð, innstreymi fólks takmarkað.
- Innlendum mönnum gert hærra undir höfði en útlendum.
- Veigamikil samfélagsleg markmið talin standa ofar hagkvæmnirökum frjálsra viðskipta.




HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Fullveldi: til hvers?

- Sjálfstæðisbaráttan snerist líka um efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði.

  „Óyrkt land og ónotaður sjór liggur við fætur oss, en vér stöndum agndofa, fátækir og farandi alls þess á mis sem eykur unað lífsins og stefnir hendinni og hefur andann á æðra stig. Og þó vitum vér vel, að hvorki náttúrunnar né andans ríki lýkur sinni blessun upp nema fyrir frjálsri og sjálfstæðri þjóð með starfandi höndum og rannsakandi anda.“

  Benedikt Sveinsson: *Stjórnarskrármálið* (1880)



Benedikt Sveinsson alþingismaður

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Áhrif fullveldis

- Íslendingar voru ósjálfstæðir á flestum sviðum allt fram í fyrri heimsstyrjöld.
- Myndun þjóðríkis fól í sér uppbyggingu þjóðarhagkerfis: verslun og siglingar, atvinnuvegir, bankar og gjaldmiðill.




HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Glufan í sambandslögunum 1918

- Íslenska ríkið fær óskorað vald til að setja lög og framkvæma stefnu sína, þám. um réttindi útlendinga á Íslandi.
- Undantekning var jafnréttisákvæðið (6.gr.):
  - Danskir ríkisborgarar njóta sama réttar á Íslandi sem íslenskir borgar fæddir þar; réttur Dana til fiskveiða innan landhelgi.
- Hörð gagnrýni: „Kjarna fullveldisins kastað burt“; Danir “komu, sáu og sigruðu“!
- Kapp lagt á að takmarka „réttindanautn“ Dana á næstu árum.




*„Ef samningar þessir ganga í gildi, fær þrjátíu sinnum fjölmennari þjóð og hundrað sinnum ríkari borgararétt í þessu kostauðga landi. Hingað til hefur það verið takmarkið í frelsisbaráttu þjóðarinnar, að Ísland yrði fyrir Íslendinga. En nú á Ísland að vera fyrir Dani og Íslendinga“.*

Benedikt Sveinsson á Alþingi 1918.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Þrengt að atvinnuréttindum útlendinga

- 1919: Heimilisfesti í landinu skilyrði fyrir því að eiga og nota fasteignir á landi, þar á meðal veiðirétt og vatnsréttindi.
- 1922: Aðeins íslenskir ríkisborgarar mega veiða í landhelgi. Útlendingum er óheimilt að reka úr landi fiskveiðar utan landhelgi eða stunda fiskvinnslu í landi. Helmingur hlutafjár í hlutafélögum skal vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið hafi lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum.
- 1927: Þeir sem stunda iðnrekstur og í hlutafélögum verða að hafa heimilsfesti í landinu. Helmingur hlutafjár í eigu manna búsettra á Íslandi.
- 1927: Réttur útlendinga til að stunda vinnu í landinu skertur.
  - *Markmiðinu “Ísland fyrir Íslendinga” náð. Danir gátu enn stundað veiðar í íslenskri landhelgi en þeir nýttu sér það ekki að neinu marki.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Hagkerfið styrkt

- Uppstokkun fjármálakerfis
  - Sjálfstæð króna, nýtt bankakerfi og peningaútgáfa færð til Landsbanka Íslands.
- Ríkisfjármál endurskoðuð
  - Fjárhagur réttur af, ný skattalög.
- Uppbygging atvinnuvega undir forystu ríkisvaldsins
  - Löggjöf, sjóðir, fyrirgreiðsla.




*Ísland í miklu betra ásigkomulagi 1930 en 1918*

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Niðurstöður

- Fyrri heimsstyrjöld markar tímamót í hagþróun Íslands.
- Efnahagsleg þjóðernisstefna sækir í sig veðrið:
  - Verndarstefna - skorður við umsvifum útlendinga í atvinnulífi sem stendur í flestum atriðum fram til loka 20. aldar.
  - Ísland festist í viðamiklu haftakerfi fram til 1960/1970.
- Margs konar rætur efnahagslegrar þjóðernisstefnu:
  - Röskun af völdum alþjóðaviðskipta og fólksflutninga.
  - Liður í myndun þjóðríkis.

HÁSKÓLI ÍSLANDS